

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 95/2003

frá 11. júlí 2003

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2003 frá 16. maí 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 246/2003 frá 10. febrúar 2003 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2004 til 2006 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun þessi gildir ekki í Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18ac (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2104/2002) í XXI. viðauka við samninginn:

„18ad. **32003 R 0246**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 246/2003 frá 10. febrúar 2003 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2004 til 2006 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjtið. EB L 34, 11.2.2003, bls. 3).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Reglugerð þessi gildir ekki í Liechtenstein.
- b) Norsk stjórnvöld skulu veita upplýsingarnar, sem kveðið er á um í reglugerðinni, eigi síðar en frá árinu 2005 að telja.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 193, 31.7.2003, bls. 50 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 39, 31.7.2003, 30.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 34, 11.2.2003, bls. 3.

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 246/2003 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. júlí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júlí 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Prins Nikulás af Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.